

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands haldinn 31. mars 2006 í Gömlu Gróðrastöðinni á Akureyri

Mætt voru Hrefna Jóhannesdóttir, formaður, Brynjar Skúlason ritari, Agnes Brá, Jón Loftsson, Johan Holst, Sigvaldi, Arnór, Bjarni Sig., Aðalsteinn, Hreinn, Björgvin, Hallgrímur, Einar.

- 1) Formaður flutti skýrslu stjórnar.
Sjá fylgiskjal (Skýrsla stjórnar)
- 2) Arnór gerði grein fyrir störfum námsmatsnefndar. Lítið verið gert fyrir en fyrir stuttu vegna mikillar fjarveru Björns B. Jónssonar. Þrír voru teknir inn og tvær umsóknir bíða. Bjarni spurði hvort t.d. þeir sem stunda háskólanám í skógfræði geti gengið í félagið og það var staðfest hjá Hrefnu.
- 3) Reikningar félagsins voru engir þar sem ekki hafði verið rukkað inn félagsgjald á 1 starfsári félagsins.
Nýtt árgjald var samþykkt: 3000 kr.
- 4) Stjórnarkjör; kjósa á um sæti formanns og gjaldkera. Hrefna gaf kost á sér áfram og stungið var uppá Hallgrími sem gjaldkera. Þau voru kosin samhljóða.
Varamaður í stjórn var kosin Björgvin Eggertsson

Arnór og Aðalsteinn gefa kost á sér áfram í námsmatsnefnd og voru kosnir samhljóða
Endurskoðendur reikninga félagsins voru kosnir; Böðvar Guðmundsson og Ólafur G.E. Sæmundssen.
- 5) Starfsáætlun ársins, Formaður gerir grein fyrir starfi félagsins á komandi ári.
Sjá fylgiskjal (Starfsáætlun 2006).
- 6) Bjarni lýsti því að í smíðum væri formleg fyrirspurn um hvort þeir sem ljúka þriggja ára skógfræðinám á Hvanneyri. Hann þakkaði jafnframt fyrir stuðning félagsins við að halda inni námsbraut í skógrækt á Hvanneyri. Hreinn lagði til að námsmatsnefnd skoðaði þetta mál. Bjarni spurði hvort umræða væri um að fá löggildingu á skógfræðistarfsheitið. Arnór taldi að það væri talsvert flókið ferli en hefði ekki verið skoðað alvarlega. Fundurinn samþykkir að Bjarni Diðrik sendi inn formlega fyrirspurn til bæði stjórnar og námsmatsnefndar og námsmatsnefnd myndi taka hana sem fyrst til afgreiðslu.
- 7) Upp komu hugmyndir að eftirfarandi ályktunum:

“Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands, Akureyri 31. mars 2006 beinir þeirri tillögu til Landbúnaðarráðherra að sem fyrst verði gerð heildstæð stefnumótun um skógrækt á Íslandi. Mikilvægt er að við þá vinnu verði litið til nágrannaþjóða á Bretlandseyjum sem hafa um margt hliðstæða skógræktarsögu og Ísland.“

“Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands, Akureyri 31. mars 2006 lýsir yfir sérstakri ánægju með að nýju skógfræðinámi við Landbúnaðarháskóla Íslands hefur verið tekið upp

og óskar skólanum góðs gengis með þessa nýju braut. Félagið hefur áfram áhuga á að taka þátt í mótun brautarinnar ef eftir því verður leitað.”

“Aðalfundur Skógræðingafélags Íslands, Akureyri 31. mars 2006 bendir á að vegna sérstakra aðstæðna á Íslandi eru miklir ónýttir möguleikar til bindingar kolefnis og með skógrækt má binda kolefni með talsvert ódýrari hætti en með því að kaupa kolefniskvota á alþjóðlegum markaði miðað við það gangverð sem er í dag. Félagsmenn telja brýnt að embættismenn skoði þessa leið af fullri alvöru.”

Fundurinn samþykkti tillögurnar.

- 8) Arnór lagði til að skógræðingum á eftirlaunaaldri yrði boðið sérstaklega að gerast heiðursfélagar. Þetta var samþykkt einróma. Fundarmenn fóru yfir hverjir þetta eru og eftirfarandi nöfn komu fram:
 - Sigurður Blöndal
 - Haukur Ragnarsson
 - Baldur Þorsteinsson
 - Gunnar Finnbogason
 - Kristinn Skæringsson
 - Ísleifur Sumarliðason
 - Snorri Sigurðsson
 - Guðmundur Ö.
 - Þórarinn Ben.
 - Vilhjálmur Sigtryggsson
 - Indriði Indriðason
 - Brynjar Skarphéðinsson
 - Ágúst Árnason
- 9) Jón Loftsson sagði frá fundi sendiherra Noregs, hans og Arnórs í norska þjóðargjafaráðinu. Sá sjóður hefur fyrst og fremst verið nýttur til að styrkja skiptiferðir milli landanna. Hann benti á nýja möguleika í tengslum við styrki úr sjóðnum. Þarna eru um 8 milljónir í sjóði. Vextirnir eru um 250 þús. á ári. Áherslan verður e.t.v. frekar á námsferðir / kynnisferðir t.d. fyrir ungt fólk.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.